

## 128. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands

haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, miðvikudaginn 12. október 2005, kl. 9:30.

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Orri Hlökkversson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, sem ritaði fundargerð.

### 1. Endurnýjun á troðara.

Samþykkt að endurnýja troðara á grundvelli fyrirlagðra gagna. Framkvæmdastjóra falið að ganga til samninga.

### 2. Endurnýjun á bíl fyrir Kirkjuferjuháleigu.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að endurnýjun fólksbifreiðar en leigusamningur rennur út um miðjan nóvember. Samþykkt að kaupa Suzuki Swift diesel.

### 3. Staða Heiðargerðis 5 eftir september.

Magn og kostnaður er samkvæmt áætlun. Gangsetning og rekstur hefur gengið vel fyrsta mánuðinn.

### 4. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Kynningarfundur var haldinn 3. október á Hótel Selfoss, Páll Guðjónsson kynnti fyrir sveitarstjórnarfólki og fulltrúum nokkurra umhverfisnefnda tillögurnar og svaraði spurningum. Alls mættu um 30 manns á fundinn.

Núna hafa 5 sveitarfélög staðfest tillögurnar. Áætlunin verður lögð fram til staðfestingar í sveitarfélögunum á næstu dögum.

### 5. Deiliskipulagsmál á Kirkjuferjuháleigu.

Kynnt var afgreiðsla bæjarráðs Ölfus á athugasemdum við breytt deiliskipulag á Kirkjuferjuháleigu.

### 6. Önnur mál.

- Fundur með Landgræðslunni, Sláturfélagi Suðurlands og formanni Gróðurs fyrir fólk í landnámi Ingólfs um möguleika á því að nota kjötmjöl til landgræðslu.

Stjórnin fagnar framtakinu og væntir mikils af því samstarfi sem stofnað hefur verið til.

- Undirbúningsvinna við staðarval á nýjum urðunarstað.

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála.

- Ályktun frá bæjarráði Árborgar, þar sem fagnað er að starfsemi í Heiðargerði sé komin í gang.

Lögð fram til kynningar.

- Magn sorps. Í lok september voru komin 15.780 tonn til urðunar á Kirkjuferjuháleigu. Á sama tíma í fyrra voru kominn 13.987 tonn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30